

## Ástundun nemenda

- Fjarvistir nemenda eru skráðar í Mentor, allir nemendur hefja skólaárið með 10 í skólasóknareinkunn en fá þeir punkta þá lækkar sú einkunn.
- Við hverja fjarvist úr tíma fær nemandi 3 punkta. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglugerð segja til um.
- Við hverja seinkomu fær nemandi 1 punkt.
- **Einu sinni á önn getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun á ástundunareinkunn til umsjónarkennara á þar til gerðu eyðublaði.**
  - Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sækja skóla. Skólastjóra ber því að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda.
  - Það er mikilvægt að foreldrar fylgist með stöðunni en umsjónarkennari/ritari sendir vikulega heim ástundun í gegnum mentor.is, ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.
  - Ef nemandi er kominn með 10 punkta eða einkunnina 8 ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim. Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans, hvetur hann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
  - Ef nemandi er kominn með 12 punkta eða einkunnina 7,5 er hringt í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir og lausna leitað.
  - Ef nemandi er kominn með 16 punkta eða einkunnina 6,5 eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
  - Ef nemandi fær 18 punkta og er kominn með einkunnina 6 er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaða skráð í Mentor. Meðal mögulegra úrræða nemendaverndarráðs er að óska eftir aðstoð fræðslu- og/eða fjölskyldusviðs. Hafi staða nemandans ekki batnað eftir fjórar vikur frá því að nemendaverndarráð tók málið til umfjöllunar skal boðað til annars fundar þar sem farið er yfir málið og metið hvort það eigi að tilkynna það til barnaverndar.

### Um veikindi eða fjarvistir sem ekki eiga sér augljósar skýringar (læknisvottorð eða aðrar upplýsingar sem fyrir liggja)

- Umsjónarkennari / skólahjúkrunarfræðingur kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samfelld.
- Umsjónarkennari vísar máli nemenda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á önn. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð. Ef nemandi hefur sögu um veikindi í hverri viku skal fundað með forráðamönnum, umsjónarkennara og stjórnanda og farið yfir stöðuna og næstu skref ákveðin.
- Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki skal nemendaverndarráð taka ákvörðun um hvort málinu verði vísað áfram til HSN og/eða tilkynnt til barnaverndar.

### Leyfi nemanda í lengri tíma s.s. vegna æfinga eða ferðalaga

- Ef sækja þarf um leyfi í þrjá daga eða lengur skal gera það á heimasíðu skólans eða hafa samband við skólastjórnendur.

## Ástundun nemenda

- Ef leyfi er lengra en í tvær vikur þurfa foreldrar og kennarar að eiga samtál um það hvernig námi barnsins skuli háttað. Athygli skal vakin á því að að skv. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna.

Punktur	Einkunn	Punktur	Einkunn
0-2	10	19-20	5,5
3-4	9,5	21-22	5,0
5-6	9,0	23-24	4,5
7-8	8,5	25-26	4,0
9-10	8,0	27-28	3,5
11-12	7,5	29-30	3,0
13-14	7,0	31-32	2,5
15-16	6,5	33-34	2,0
17-18	6,0	35-36	1,5
		37 og fleiri	1,0

**Hækkun á ástundunareinkunn**  
Nemandi getur með samþykki foreldra, sótt um hækkun á ástundunareinkunn til umsjónarkennara /skólastjórnenda einu sinni á hvorri önn.

## Ástundun nemenda

1.Prep  
Nemandi er kominn  
með 10 punkta eða  
einkunn 8

